



Dagsetning: 23. febrúar 2025
Málsnúmer: 2502133/5.0

Til fjölskyldunefndar

MINNISBLAÐ

Undanfarið hafa starfsmenn barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar unnið að uppfærslu gagna sem tengjast barnaverndarþjónustu beggja sveitarfélaga.

Í þeirri vinnu og í yfirstandandi vinnu í heimilisofbeldismálum hefur þótt vanta skýrari verkferla og reglur fyrir starfsmenn um aðkomu félagsþjónustu og samstarf við lögreglu um viðbrögð við heimilisofbeldi.

Því eru framlagðar meðfylgjandi reglur sem eru í grunninn byggðar á Reglum Sveitarfélagsins Skagafjarðar um sama efni en aðlagðar að þjónustunni í Fjarðabyggð. Umdæmi lögreglu í Fjarðabyggð og í Sveitarfélaginu Hornafirði er ekki það sama og því útfærir Sveitarfélagið Hornafjörður reglurnar fyrir sitt svæði en byggðar á sama grunni.

Reglur þessar eru hugsaðar fyrir starfsmenn í félagsþjónustu og barnaverndarþjónustu og aðra þá sem kunna að sinna bakvakt félagsþjónustu og barnaverndar. Þær verða því ekki aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins.

Virðingarfyllt


Aðalheiður Björk Kúnarsdóttir
Stjórnandi félagsþjónustu